ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun 2026 – 2027

Leiklist, 7. bekkur

Kennari/ar

Nafn: Ingi Þór Þórhallsson
Netfang: ingi.thor.thorhallsson@reykjavik.is

Lýsing

5 kennslustundir á viku

Markmið / inntak

Í sviðslistum í 7. bekk er byggt á þeirri leikrænu færni sem nemendur hafa þróað á fyrri árum. Áhersla er lögð á að nemendur verði sjálfstæðari í skapandi vinnu og geti nýtt verkfæri leiklistarinnar með markvissum hætti við sköpun, túlkun og sviðsetningu.

Nemendur vinna áfram með upphitun líkama, raddar og einbeitingar en bera aukna ábyrgð á eigin undirbúningi. Unnið er með spuna, persónusköpun, samspil og leiktexta með aukinni áherslu á markmið persóna, átök, framvindu og mismunandi leiðir við túlkun.

Nemendur fá tækifæri til að skapa heildstæðari leikþætti og taka aukna ábyrgð á hugmyndavinnu, verkaskiptingu, æfingum og sviðsetningu. Þeir kynnast einnig hvernig leikmunir, búningar, hljóð, ljós og rými geta stutt við leikræna frásögn.

Áhersla er lögð á að nemendur:

- Nýti líkama, rödd og rými með markvissum hætti,
- Geti skapað og viðhaldið skýrri leikpersónu,
- Geti unnið bæði með spuna og skrifaðan leiktexta,
- Þekki grunnþætti persónusköpunar, markmiða og átaka,
- Geti þróað leikræna hugmynd frá upphafi að fullunnu atriði,
- Prófi ólíkar leiðir og leikstíla við túlkun,
- Geti nýtt einfaldan sviðsbúnað til að styrkja frásögn,
- Taki ábyrgð á eigin framlagi í sameiginlegu sköpunarferli,
- Geti gefið og tekið við uppbyggilegri endurgjöf,
- Geti rætt leikið efni út frá ólíkum sjónarhornum.

Náms- og matsþættir:
Sköpun og sviðsetning – 40%
Túlkun og persónusköpun – 35%
Samvinna, ígrundun og vinnubrögð – 25%

Námsefni

Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ekki er stuðst við eina ákveðna námsbók. Unnið er með fjölbreytt leiklistarverkefni, spuna, leiktexta og verkefni í persónusköpun og sviðsetningu.

Sem kveikjur að verkefnum eru meðal annars notaðar sögur, myndir, tónlist, fréttir, textar og hugmyndir nemenda. Einnig er unnið með leikmuni, búninga, sviðsrými, hljóð og annan einfaldan sviðsbúnað eftir aðstæðum

---

Kennsluaðferðir

Hvernig og hvað er unnið í kennslustundum / tímabilum, loturum

Kennslan er verkleg, skapandi og verkefnamiðuð.

Unnið er með upphitun, spuna, radd- og líkamsbeitingu, persónusköpun, leiktexta, mismunandi túlkun og sviðsetningu. Nemendur vinna bæði undir leiðsögn kennara og sjálfstætt í hópum.

Aukin áhersla er lögð á að nemendur taki sjálfir ákvarðanir um framvindu, persónur, túlkun og sviðsetningu verkefna.

Kennari gegnir í auknum mæli leiðbeinandi hlutverki og styður nemendur við að þróa hugmyndir frá fyrstu kveikju yfir í fullunnið leikrænt atriði.

Sýningar, umræður og endurgjöf eru reglulegur hluti kennslunnar.

Námsmat

Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat er símat og byggir á sköpunarferli, þátttöku, sjálfstæði, túlkun og samvinnu.

Horft er meðal annars til:

- getu nemandans til að þróa hugmyndir,
- sjálfstæðis og ábyrgðar í skapandi vinnu,
- radd- og líkamsbeitingar,
- persónusköpunar og túlkunar,
- skilnings á uppbyggingu og framvindu leikþáttar,
- notkunar á spuna og leiktexta,

- nýtingar á leikmunum og öðrum sviðsþáttum,
- samvinnu og verkaskiptingar,
- hæfni til að gefa, taka við og nýta endurgjöf,
- getu til að ræða og ígrunda eigin verk og verk annarra.

Námslotur

Leikarinn og verkfærin
Upphitun, raddbeiting, líkamsbeiting, einbeiting, nærvera og rými.

Persóna, markmið og átök
Dýpri persónusköpun, samskipti, markmið persóna og leikræn átök.

Spuni, texti og túlkun
Unnið með spuna og skrifaðan texta og skoðað hvernig hægt er að túlka sama efni með mismunandi hætti.

Sviðsetning
Unnið með rými, leikmuni, búninga, hljóð og aðra einfalda sviðsþætti.

Frá hugmynd að sýningu
Nemendur þróa í hópum leikrænt verkefni frá fyrstu hugmynd að fullunnu atriði. Unnið er með hugmyndavinnu, persónur, framvindu, æfingar og sviðsetningu.

Ígrundun og endurgjöf
Nemendur ræða eigin verk og verk annarra, gefa uppbyggilega endurgjöf og ígrunda vinnuferlið.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Nemandi geti:

- skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem grunnreglum er beitt við uppsetningu leikhandrits fyrir svið eða myndmiðla
- sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði
- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til að styrkja sköpun sína
- beitt fleiri en einu formi leiklistar

- sýnt fram á tök á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu
- flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu
- rætt um leikið efni á sviði og í myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag
- sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum
- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar

---